

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

9. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017

Haldinn 6. september 2016 í skrifstofu 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Karl Georg Klein (SH), Ólafur Ragnarsson (Fjörður), Viðar Halldórsson (FH), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Sigurjón Andersen (KK), Þórunn Ansnes (Sörli), Þórarinn Sófússon (GSE) og Hörður Þorsteinsson (BH). Forföll: Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH), Magnús Gunnarsson (Haukar), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir) og Ingvar Kristinsson (Björk). Áheyrnarfulltrúi: Pétur Th. Pétursson (Þytur).

Dagskrá:

1. Reglur bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka

Drög að reglunum lagðar fram til kynningar og umræðna. Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar hefur óskað eftir umsögn ÍTH um reglurnar. Lóðarleigan er ekki nefnd sérstaklega í reglunum. Framkvæmdastjóra ÍBH falið að kanna hvort styrkurinn sem félög og félagasamtök geta sótt um til Hafnarfjarðarbæjar fyrir fasteignaskattinum sé einnig fyrir lóðarleigunni.

2. FLÆT – samantekt á frístundastyrkjum sveitarfélaga – 30. ágúst 2016

Upplýsingar frá 21 sveitarfélagi lagðar fram til kynningar og umræðna. Hafnarfjarðarbær stefnir að því að breyta frístundastyrkjum/niðurgreiðslum í Hafnarfirði frá 1. nóvember nk, þær breytingar voru unnar án samráðs við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði. Fundarmenn fagna breytingum á hækkandi aldri úr 16 ára í 18 ára, en þykir fækkun niðurgreiðslna á barn þ.e. úr tveimur niðurgreiðslum á barn í eina niðurgreiðslu á barn vera miður og telja það líklegast minnka íþróttapátttöku barna og unglunga. Fleiri en ein niðurgreiðsla á barn hefur verið sérkenni niðurgreiðslna í Hafnarfirði frá upphafi þeirra árið 2002. Fleiri en ein niðurgreiðsla á barn hefur stækkað íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði jafnt og þétt frá 2002 og aukið þátttöku barna og unglunga í íþróttastarfi eins og rannsóknarniðurstöður frá Rannsóknnum og greiningu hafa sýnt fram á.

3. Íþróttasjóður

Bréf frá ÍSÍ dagsett 29. ágúst sl, lagt fram til kynningar. Í því er óskað eftir umsóknnum í Íþróttasjóðinn fyrir 1. október nk frá m.a. íþrótt- og ungmennafélögum. Fundarmenn hvattir til þess að kynna sér upplýsingar um sjóðinn og koma þeim áfram innan félagsins og sækja um. Rannís hefur umsjón með Íþróttasjóðnum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

4. Stóraukið fjárframlag í Afrekssjóð ÍSÍ

Fréttatilkynning frá ÍSÍ dagsett 28. júlí sl lögð fram til kynningar. Í henni er verið að kynna aukið framlag ríkisins til afreksíþróttar á Íslandi. Framlagið er 100 milljónir á ári og verður hækkað í áföngum næstu þrjú ár í 400 milljónir.

5. Millipinganefnd ÍSÍ um samskiptamál

Bréf frá ÍSÍ dagsett 31. ágúst sl lagt fram til kynningar. Nefndin er að fara yfir formlegar og óformlegar samskiptaleiðir framkvæmdastjórnar ÍSÍ við sérsambönd ÍSÍ annars vegar og framkvæmdastjórnar ÍSÍ við íþróttabandalög/héraðssambönd hins vegar. Óskað eftir ábendingum frá fundarmönnum um það sem vel er gert og það sem betur mætti fara. Skrifstofa ÍBH kemur öllum ábendingum áfram til ÍSÍ.

6. Bréf frá áhugafólki um frisbígolf

Dagsett 1. september sl lagt fram, þau óska eftir því að stofna Frisbígolfklúbb Hafnarfjarðar. Framkvæmdastjóra ÍBH falið að rita ÍSÍ bréf og vinna málið áfram.

7. Yfirlit lottógreiðslna til aðildarféлага ÍBH frá mars 2016 til júlí 2016

Kynnt og samþykkt.

8. Nýr formaður ÍTH

22. júní sl kynnti Hafnarfjarðarbær breytingar í ráðum og nefndum bæjarins. Karólína Helga Símonardóttir fulltrúi Bjartrar framtíðar kom inn í Íþrótt- og tómsbundanefnd Hafnarfjarðarbæjar (ÍTH) í stað Matthíasar Freys Matthíassonar. Á fundi ÍTH 2. september sl var Karólína Helga kjörin formaður nefndarinnar, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir fulltrúi Sjálfstæðisflokksins var kjörin varaformaður, fulltrúi minnihlutans í nefndinni er Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir frá Samfylkingunni. Varamenn eru, Finnur Sveinsson fyrir Bjarta framtíð, Ebba Særún Brynjarsdóttir fyrir Sjálfstæðisflokkinn og Ægir Örn Sigurgeirsson fyrir Samfylkinguna.

9. Ungt fólk 2016. Lýðheilsa ungs fólks í Hafnarfirði. Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9., og 10. bekk árið 2016

Niðurstöður úr skipulögðu íþrótt- og tómsbundastarfi kynntar. Svarhlutfall var 86% á landsvísu. Hjá nemendum í 9. og 10. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 1 sinni til 3 sinnum í viku árið 2016 eru meðaltölin hjá strákonum 17% á höfuðborgarsvæðinu, 19% landsmeðaltal og 17% í Hafnarfirði, hjá stelpunum eru meðaltölin 18% höfuðborgarsvæðið, 19% landsmeðaltal og 17% í Hafnarfirði. Hjá nemendum í 9. og 10. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 4 sinnum í viku eða oftar árið 2016 eru meðaltölin hjá strákonum 17% höfuðborgarsvæðið, 19% landsmeðaltalið, og 44% í Hafnarfirði, hjá stelpunum eru meðaltölin 18% höfuðborgarsvæðið, 19% landsmeðaltalið og 38% í Hafnarfirði. Niðurstöðurnar eru glæsilegar fyrir íþróttafélögin í Hafnarfirði og sýna mikla virkni í íþróttafélögum bæjarins.

10. Haustfjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun

Bréf frá ÍSÍ dagsett 2. september sl kynnt. Haustfjarnám 1. og 2. stigs þjálfaramenntunar ÍSÍ hefst mánudaginn 26. september nk. Skráningu á námskeiðin þarf að vera lokið fyrir föstudaginn 23. september nk. Félögin hvött til að koma bréfinu til aðila innan sinna féлага sem hafa umsjón með þjálfurum og hvetja þjálfara til að taka námskeiðin. Lokin námskeið gilda þegar félagið sækir um íþróttastyrk fyrir 16 ára og yngri samkvæmt samningi milli Rio Tinto Alcan, Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH.

11. Hafnfirsk bæjarblöð

Vakin athygli á tveimur hafnfirskum bæjarblöðum, Fjarðarpóstinum og Fjarðarfréttum. Félögin hvött til að vekja athygli á starfinu og viðburðum á þeirra vegum hjá báðum aðilum.

12. Staðan á 70 ára söguritun ÍBH

Höfundur hefur skilað inn texta til ÍBH og hafa margir komið að yfirllestri og lagfæringum og telst því ferli vera lokið. Næstu daga kemur framkvæmdastjóri ÍBH til með að hafa samband við félögin og óska eftir myndum frá þeim sem passa við textann.

13. Fræðslubæklingur ÍSÍ. Íþróttaiðkun barna með einhverfu

Vakin athygli á bæklingnum sem má finna rafrænann á heimasíðu ÍSÍ undir fræðslu. Félögin beðin um að vekja athygli stjórnarfélks og þjálfara á bæklingnum.

14. Nýr starfsmaður ÍSÍ

Elías Atlason hefur verið ráðinn til ÍSÍ og mun hann taka við af Óskari Erni Guðbrandssyni og sjá um Felix skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ auk þess að halda utan um tölvumálefni ÍSÍ og Íþróttamiðstöðvarinnar.

15. Samfélagsmiðlar ÍSÍ

Bréf frá ÍSÍ dagsett 5. september sl kynnt fundarmönnum. Fundarmenn hvattir til að nota samfélagsmiðlana og dreifa upplýsingunum áfram innan sinna raða.

16. Önnur mál

- a). HM lagði fram fundaaætlun ÍBH frá september til desember 2016.
- b). HP bar upp fyrirspurn um hvar skrifstofuaðstaða ÍBH ætti að vera í Íþróttahúsinu við Strandgötu. EÓ svaraði, í skrifstofunni sem fundurinn fór fram í.
- c). ÓR var með fyrirspurn til fundarmanna annarra félaga sem voru mættir um hvort þeir hefðu skrifað undir þjónustu- og / eða rekstrarsamninga við Hafnarfjarðarbæ.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.05 og lauk kl. 19.20.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.